




Fornleifaskráning í Lóni, Hornafirði

Vegna fyrirhugaðrar lagningu háspennulínu frá Hvalnesi að Stafafelli



Indriði Skarphéðinsson

2025

Forsíðumynd: Grjótgarður ofan við Hellra í landi Hvalness, mynd tekin til suðvesturs.



Sagnabrunnur


© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Desember 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið	2
Fornleifaskráning	3
Hvalnes	3
[3520-001] bæjarstæði - Hvalnes	4
[3520-002] garðlag - matjurtagarður	5
[3520-003] hóll - óþekkt	5
[3520-004] hóll - óþekkt	6
[3520-005] tóft - útihús	6
[3520-006] hleðsla – túngarður	7
[3520-007] hleðsla - óþekkt	7
[3520-008] hleðsla - óþekkt	7
[3520-009] hleðsla - óþekkt	8
[3520-010] tóft - óþekkt	8
[3520-011] hellir – aðhald – Hellrar	9
[3520-012] tóft – útihús	10
[3520-013] hleðsla – óþekkt	10
[3520-023] heimild – þjóðsagnastaður	11
Byggðarholt	11
[3520-014] garðlag – óþekkt	12
[3520-015] garðlag – óþekkt	12
[3520-026] örnefni – Beinaklettur	13
[3520-027] heimild – bæjarstæði	13
[3520-028] heimild – matjurtagarður	13
Hraunkot	13

[3520-016]	garðlag – túngarður	14
[3520-017]	tóft – útihús	14
[3520-018]	garðlag – óþekkt.....	15
[3520-019]	garðlag – óþekkt.....	15
[3520-022]	heimild – brunnur.....	16
Bær.....		16
[3520-020]	garðlag – túngarður	16
[3520-021]	tóft – óþekkt	17
[3520-024]	heimild – bæjarstæði	17
[3520-025]	heimild – matjurtagarður.....	17
Niðurstöður		18
Heimildaskrá		18
Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis		20
Byggðarholt.....		21
Hraunkot		22
Bær.....		23
Svínhólar		24
Vík.....		26
Hvalnes		27
Samantekt.....		29
Viðauki II. Tafla yfir skráðar minjar.....		30
Viðauki III. Minjakort.....		31



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt með rauðum punkti.

Abstract

RARIK hired Sagnabrunnur ehf, to conduct an archaeological survey of an area affected by a planned electrical cable in Lón, Hornafjörður. The project has the registration nr. 3520.


During fieldwork 28 archaeological features were surveyed, out of which 19 features are considered to be at risk because of the project. Part of the area had been surveyed before and 8 features from previous surveys are at risk because of the project, totaling 27 features at risk.

In those cases, counter-measures were suggested to prevent any disruption of the protected archaeological remains, such as changes to the planned route of the cable where possible. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Inngangur

Að beiðni RARIK var starfsmaður Sagnabrunns ehf. ráðinn til fornleifaskráningar í Lóni vegna lagningar háspennustrengs. Fulltrúi verkkaupa var Haraldur Klausen og fékk fornleifaskráningin verkefnanúmerið 3520 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi, deiliskipulagi eða raflínuskipulagi. Tilgangur fornleifaskráningarinnar var að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á strengleiðinni, ásamt því að skoða lagnaleiðina á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Í heildina voru 28 minjar skráðar á vettvangi, 19 þeirra teljast í hættu vegna framkvæmdanna. Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta skráningarsvæðisins og til viðbótar við þær 19 minjar sem skráðar voru nú, eru átta minjar sem skráðar voru í fyrri fornleifaskráningu sem stafar hætta af framkvæmdunum.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Skráningarsvæðið í Lóni, merkt með rauðri línu.

Skráningarsvæðið fylgir legu fyrirhugaðs rafmagnsstrengs frá Hvalnesi í austri að Byggðarholti og Stafafelli í vestri. Skráningarsvæðið liggur um lönd Hvalness, Víkur, Svínhóla, Reyðarár, Bæjar, Hlíðar, Byggðarholts, Hraunkots og Stafafells. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögunum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein, vegna þessa er tekið út svæði í 15 m rás frá fyrirhugaðri strenglög við fornleifaskráninguna.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta skráningarsvæðisins vegna deiluskulags í landi Svínhóla (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2016; Lilja Laufey Davíðsdóttir 2018; Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2019), vegna lagningar ljósleiðara frá Vík að Almannaskarði (Bjarni F. Einarsson 2020), og vegna lagningar háspennulínu (Indriði Skarphéðinsson 2024).

Fornleifaskráning

Við fornleifaskráninguna voru helstu heimildir skoðaðar svo sem eldri skráningar, búnaðarrit, örnefnaskrár, túnakort, gamlar og nýjar loftmyndir o.s.frv. Ásamt þessu var gengið um allt svæðið og það skoðað á vettvangi. Farið var á vettvang dagana 12. og 13. nóvember, skráningarsvæðið var tekið út og þar sem fornleifa varð vart voru þær mældar upp með Trimble Nomad 5-tæki, myndaðar og minjunum lýst. Við fornleifaskráninguna voru skráðar 28 minjar, fimm þeirra eru horfnar og voru skráðar út frá heimildum.

Hvalnes

Fyrst er getið um Hvalnes árið 1383 í bréfi er varða landamerki og fjöllumörk Starmýrar í Álfafirði, ekki er ljóst hvort eigi við bæinn Hvalnes eða nesið (Íslenzkt Fornbréfasafn 9. bindi. bls. 18). Síðar getur um Hvalnes árið 1475 í kaupbréfi þegar Finnur Magnússon prestur selur Þorsteini Árnasyni jörðina (Íslenzkt Fornbréfasafn 5. bindi. bls. 797). Ekki er vitað til þess að Hvalnes sé landnámsjörð en töluverðar minjar fundust við framkvæmdir við bæjarstæðið á fyrri hluta 20. aldar sem benda til þess að búið hafi verið á staðnum trúlega stuttu eftir landnám Íslands (Einar Eiríksson 1936:47-49). Í Jarðatali Johnsen er Hvalnes metið 24 hundruð að dýrleika og í bændaeign (Jón Johnsen 1837:2).

[3520-001] bæjarstæði -

Hvalnes

Gamla bæjarstæði Hvalness stendur stutt neðan við nústandandi íbúðarhús á staðnum, þétt við veginn sem liggur um hlaðið. Eina bæjarhúsið sem enn stendur er skúr klæddur bárujárni og að hluta til steinsteyptur. Til austurs frá skúrnum gengur grjóthlaðinn veggur sem afmarkar norður- og



Mynd 1. Gamla bæjarstæðið á Hvalnesi, mynd tekin til vesturs.

austurhlið mannvirkis. Norðurhliðin er um 19 m löng og austurhliðin um 7 m á lengd. Op er á norðurhlið veggins stutt vestan við austurhlið hans. Þétt sunnan við norðurhlið veggins, vestast, má greina óljóst rými sem opið er til austurs. Mannvirkin eru að hluta til byggð inn í aflíðandi brekku og vel má vera að bæjarhóllinn teygi sig lengra til norðurs inn í brekkuna. Vegghleðslurnar eru á bilinu 0,2-1,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Vestan við skúrbygginguna hefur svæðið verið sléttað í nokkuð stórt malarplan, þar stóð áður gamla íbúðarhúsið á staðnum. Tæpa 10 m suður af minjunum, handan vegarins sem liggur um hlaðið stendur matjurtagarður [3520-002]. Einar Eiríksson fyrrum ábúandi á Hvalnesi kom niður á fornar minjar við bæjarstæðið er hann var að reisa sér hús á staðnum snemma á 20. öldinni. Hann kom meðal annars niður á beinalag með töluvert af svínabeinum sem hann taldi fornt, gamlar hleðslur og sáför sem hann taldi að hefðu geymt skyr. Hann fann einnig grýtu úr klébergi sem hann færði Þjóðminjasafni Íslands, safnnúmer 1935-43. Ásamt þessu öllu var mikið af brunnu timbri og taldi hann að bærinn hafi brunnið. Telur Einar að bærinn hafi í fornöld staðið þarna neðar í túninu en síðar verið færður ofar í túnið, bærinn var svo aftur færður neðar í túnið þar sem gamla bæjarstæðið er nú (Einar Eiríksson 1936:47-48).

[3520-002] garðlag - matjurtagarður

Minjarnar eru staðsettar þétt sunnan við hlaðið framan við gamla Hvalnesbæinn. Um er að ræða 50 m langt garðlag sem liggur í U og afmarkar 30x10 m stóran matjurtagarð. Garðlagið liggur upp að veginum sem liggur um hlaðið.



Mynd 2. Matjurtagarður [3520-002], mynd tekin til vesturs.

Garðlagið er um 0,3-0,5 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Merkt er fyrir matjurtagarði á staðnum á túnakorti Hvalness frá 1918, í fasteignamati frá 1916-18 eru matjurtgarðar í Hvalnesi sagðir stórir og í góðri rækt og gefi af sér 12 tonn (Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Skaftafellssýslu 1916, bls. 4).

[3520-003] hóll - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar um 24 m neðan við bæjarstæðið á Hvalnesi, 6 m sunnan við matjurtagarðinn [3520-002], ofan við litla brekku sem liggur niður að Lóninu. Um er að ræða ávalan hól, 12x8 m að stærð sem er gróflega hringlaga. Hóllinn stendur um 0,5 m upp úr túninu. Hóllinn er



Mynd 3. Hóll [3520-003], mynd tekin til suðvesturs.

grónari en túnið í kring og gæti hann geymt rústir útihúss. Engar heimildir liggja þó fyrir um mannvirki á staðnum og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.

[3520-004] hól - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar norðvestarlega í heimatúninu á Hvalnesi, 13 m ofan við veginn sem liggur að bænum og tæpa 30 m austan við túngarðinn [3520-006] sem umlykur túnið. Um er að ræða 10x10 m stóran, hringlaga og ávalan hól sem stendur mest um 1 m upp úr túninu.

Hóllinn er grónari en túnið í kring og gæti hann geymt rústir útihúss. Engar heimildir liggja þó fyrir um mannvirki á staðnum og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 4. Hól [3520-004], mynd tekin til norðausturs.

[3520-005] tóft - útihús

Minjarnar eru staðsettar suðvestast í heimatúni Hvalness, efst á lágu holti ofan við nokkuð bratta og klettótta brekku. Um er að ræða nokkuð heillega tóft hlaðna úr torfi og grjóti. Veggir tóftarinnar eru stæðilegir og standa á bilinu 0,4-2 m á hæð og 1-1,8 m breidd, þeir eru hærri á suður-



Mynd 5. Tóft [3520-005], mynd tekin til vesturs.

og vesturhlið en lægri á austur- og norðurhlið. Veggirnir eru breiðari á norðurhlið tóftarinnar og nokkuð hrundir inn í tóftina. Inngangur er inn í tóftina á austurstafni hennar. Trúlega er hér um að ræða eitthvað útihús frá bænum en það er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og gæti verið yngra.

[3520-006] hleðsla – túngarður

Minjarnar eru staðsettar við vesturenda heimatúnsins á Hvalnesi en túngarðurinn liggur slitrótt umhverfis bróðurpart túnsins. Túngarðurinn er hlaðinn úr grjóti í einfaldri röð og er hann hlaðinn á milli stórra bjarga sem standa utan við túnið. Garðurinn er 0,4-0,8 m á hæð og um 0,3-1 m á breidd. Á stöku stað má sjá girðingarstaura í garðinum og hefur girðing líklega legið eftir honum öllum á einhverjum tímamarki. Vegurinn sem liggur heim að bænum liggur í gegnum túngarðinn.



Mynd 6. Túngarður [3520-006] ofan við veg, mynd tekin til norðausturs.

[3520-007] hleðsla - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar þétt neðan við gamla veginn, um 280 m innan við túnjaðar heimatúnsins á Hvalnesi, vestan við svokallaða Hellra. Um er að ræða nokkuð gróna grjóthleðslu sem liggur samhliða veginum í tveimur bútum á milli stórra bjarga. Hleðslan er 0,2-1,2 m á hæð og 0,4-1



Mynd 7. Grjóthleðsla [3520-007], mynd tekin til norðvesturs.

m á breidd. Neðan við hleðsluna er ósléttur, lítið hallandi gróinn bali og mögulega hefur hleðslan afmarkað norðurhlið lítils gerðis sem stóð þarna neðan við veginn.

[3520-008] hleðsla - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar þétt neðan við gamla veginn um 290 m innan við túnjaðar heimatúnsins á Hvalnesi, við stórt bjarg þar sem kallast Hellrar. Um er að ræða 4x4 m stóra hringlaga þúfu sem stendur 0,4-0,6 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar hafa þjónað en þær minna



Mynd 8. Hleðsla [3520-008], mynd tekin til vesturs.

einna helst á þúkk undir símastaur. Sími var lagður í sveitina árið 1915 og voru símastaurarnir fluttir með sjó að Hvalneskrók þar sem þeir voru teknir í land (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:50)

[3520-009] hleðsla - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar ofan við gamla veginn um 300 m innan við túnjaðar heimatúnsins á Hvalnesi, ofan við svokallaða Hellra. Um er að ræða grjóthlaðinn garð sem liggur á um 30 m löngum kafla norður-suður upp brekkuna frá veginum. Garðurinn er ýmist hlaðinn með einfaldri eða



Mynd 9. Grjótgarður [3520-009], mynd tekin til norðurs.

tvöfaldri steinaröð, 0,2-1 m á hæð og 0,3-0,8 m á breidd og breiðari neðst í brekkunni. Ofar er hann hlaðinn upp við kletta og stórgrýti. Hlutverk minjanna er ekki þekkt.

[3520-010] tóft - óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við gamla veginn ofan við svokallaða Hellra, um 340 m innan við túnjaðar heimatúnsins á Hvalnesi. Um er að ræða láreista 6x4,6 m stóra tóft með leguna norðaustur-suðvestur. Greina mátti einstaka grjót í veggjum tóftarinnar og er op á henni til suðvesturs. Veggir tóftarinnar standa



Mynd 10. Tóft [3520-010] og gamli vegurinn þétt sunnan við hana. Mynd tekin til norðausturs.

um 0,2-0,3 m á hæð og 0,5-0,7 m á breidd. Gamli vegurinn sem liggur að Hvalnesi stendur þétt við suðurhlið tóftarinnar. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en mjóir og lágir veggir hennar ásamt lagi hennar benda sterklega til þess að hér sé um heystæðu að ræða.

[3520-011] hellir – aðhald – Hellrar

Minjanna er getið í örnefnaskrá Hvalness, þar segir: „*Neðan vegar tekur þá við samanþjappað stórgrýti, sem heitir Hellrar. Þar var stíað lömbum áður fyrr. Þeim var stungið inn í Hellrana og þau geymd þar, meðan ærnar voru að taka af sér óðinn*“ (Örnefnaskrá Hvalsness, Stefán Einarsson, bls. 2).

Hellrar standa stutt neðan við gamla veginn, um 340 m innan við túnjaðar heimatúnsins á Hvalnesi. Hellisskúti er þar á milli stærðarinnar bjarga sem hrunið hafa ofan úr fjallinu. Vestan við skútann er sléttur bali eða gerði sem afmarkast af stórgrýtinu og grjóthlöðnum garði, 0,2-0,7 m á hæð og 0,4-0,6 m á breidd. Hellisskútinn er um 10 m langur og mest um 4 m

breiður, hann er ekki alveg lokaður heldur eru mjóar opnar ræmur þar sem björgin mætast og er hann að mestu opinn upp til lofts. Grjóthleðslur voru greinilegar á tveimur stöðum inni í hellisskútanum, hefur þeim verið hlaðið fyrir glufurnar á milli bjarganna. Grjóthrúga lág utan við hellismunann vestan megin og hefur trúlega verið notuð til að loka þeim enda. Utan við hellismunann austan megin er lítill grýttur opinn grasbali sem afmarkast af öllum hliðum af stórgrýti, syðst og neðst við grasbalann er lítill grjóthleðsla sem lokar þar litlu opi.



Mynd 11. Hellaskúti [3520-011], grjóthleðsla framan við hellisskútan. Mynd tekin til suðausturs.



Mynd 12. Grjóthleðsla inni í hellisskútanum [3520-0011], mynd tekin til norðurs.

[3520-012] tóft – útihús

Minjarnar eru staðsettar ofan við gamla veginn, utan og ofan við Grænanes. Tóftin liggur stutt neðan við grjóthlaðið gerði sem afmarkar húsarústir. Um er að ræða nokkuð stæðilega hálfhrunda tóft sem stendur enn undir bárujárnsþaki. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti og standa 0,4-1,5 m á hæð og 1-



Mynd 13. Tóft [3520-012], mynd tekin til norðvesturs.

1,5 m á breidd. Þakið er nokkuð sokkið niður í tóftina en stendur enn að hluta til á timburverki. Tóftin er 8,4x4,5 m á stærð með leguna norður suður og er inngangur á suðurgafli hennar. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega er um einhvers konar útihús að ræða, minjarnar eru trúlega ekki mjög fornar og óvíst hvort þær nái 100 aldri og teljist til friðaðra fornleifa.

[3520-013] hleðsla – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar stutt innan við Víkurhellra á skriðutungu. Um er að ræða grjóthlaðinn garð greinanlegan í tveimur pörtum.

Garðurinn stendur um 0,1-0,4 m á hæð og 0,3-1 m á breidd, hlaðinn úr misstórum steinum. Garðurinn er greinanlegur í 11 m löngum parti



Mynd 14. Grjótgarður [3520-013], mynd tekin til norðvesturs.

neðar í brekkunni og 20 m ofar en hann er greinanlegur á um 46 m löngum kafla. Hlutverk minjanna er ekki þekkt.

[3520-023] heimild –

Þjóðsagnastaður

Í örnefnaskrá Hvalness segir: „Þá kemur mikil grjót- og skriðudyingja, sem heitir Hlaup. Um það er þjóðsaga. Sagt var, að Tyrkir hafi komið á Hvalneskrók. Fólk flúði í skúta upp við hamrana, sem Gapi heitir, utan ein kerling, sem ekki var ferðafær og var falin í bænum undir



Mynd 15. Grjótskriðan Hlaup ofan og utan við Hvalnes.

rúmi og gat fylgzt með aðförum ræningjanna. Gat hún að lokum ekki orða bundizt og sagði: „Illa fór silfrið hennar Siggu minnara,“ og voru það hennar síðustu orð. Þegar þeir voru búnir að ræna bæinn, ætluðu þeir inn á sveit að ræna, en þá hrundi Hlaupið úr fjallinu, og þeir forðuðu sér til skipa.“ (Örnefnaskrá Hvalsness, Stefán Einarsson, bls. 2). Í

athugasemdom og viðbætum Eiríks Einarssonar við örnefnaskrána á Hvalnesi getur hann þess að það hafi verið Stekkartúnsturð en ekki Hlaup sem féll þegar ræningjarnir ætluðu inn í sveitina (Örnefnaskrá Hvalsness, Eiríkur Einarsson, bls. 2)

Byggðarholt

Byggðarholt er byggt úr landi Stafafells og er skráð sem hjáleiga í Stafafells í Jarðatali Johnsen og er hún þar metin 12 hundruð að dýrleika (Jón Johnsen 1847:1). Jörðin liggur nálægt farvegi Jökulsár í Lóni og hefur hún í gegnum tíðina spillt engjum og högum jarðarinnar. Engjar Byggðarholts eru á uppistöðusvæði bæjaróss og voru grasgefnar þegar bæjarós stóð uppi en það hefur ekki gerst síðan 1915 og hætti heyskapur smám saman á engjunum eftir það. Þegar bærinn var í þjóðbraut þegar þjóðvegurinn lá um ytri bæi sveitarinnar og fylgdi því fyrirgreiðsla og fylgdir yfir Jökulsána (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:67-68). Lítið segir af Byggðarholti í rituðum heimildum og ekki er ljóst hvenær jörðin byggist.

[3520-014] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við vesturenda Sandvershólamýrar. Um er að ræða rúmlega 100 m langt garðlag sem liggur í L á milli tveggja skurða. Garðlagið liggur á um 70 m löngum kafla frá norðri til suðurs, við suðurendann tekur garðlagið vinkilbeygju og liggur á um 30 m kafla frá vestri til austurs. Á suðurhlið



Mynd 16. Garðlag [3520-014], mynd tekin til norðausturs.

garðlagsins er um 3 m breitt skarð nær austurenda þess. Suðurhliðin er töluvert reisulegri en vesturhliðin og er hún að hluta til nokkuð illgreinanleg. Vesturhliðin stendur á bakka mýrarsunds þar sem áll úr Jökulsánni hefur áður runnið. Hlutverk minjanna er ekki þekkt.

[3520-015] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar við suðurenda Lambhúshóla. Um er að ræða 28x8 m stórt slétt ferhyrnt plan upp við Lambhúshól sunnan megin sem stendur um 1 m upp úr túninu í kring. Frá því gengur til austurs 3 m breið og 0,1-0,3 m há, löguleg upphækkun í túninu sem minnir einna



Mynd 17. Minjar [3520-015], mynd tekin til vesturs.

helst á upphlaðinn veg. Upphækkunin er greinanlega á um 60 m kafla frá planinu og hverfur svo í túnið. Upp á planinu vestan megin má greina lágan og mjóan garð sem líklega eru girðingaleifar. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en minna helst á uppbyggðan veg sem liggur að litlu aðhaldi. Minjarnar eru tæpast mjög fornar og bera þess merki að vera gerðar með vinnuvélum.

[3520-026] örnefni –

Beinaklettur

Stutt sunnan við bæjarstæðið í Byggðarholti stendur klettur sem nefnist Beinaklettur. Ekki eru þekktar neinar sögur sem tengjast honum.



Mynd 18. Beinaklettur [3520-026], mynd tekin til vesturs.

[3520-027] heimild – bæjarstæði

Þar sem áður stóðu bæjarhús Byggðarholts standa nú steinsteypt fjárhús en engin merki eldri húsa sjást á staðnum. Út frá túnakorti Byggðarholts má sjá að bæjarhúsin og matjurtagarður [3520-028] standa saman á staðnum undir klett sem kallast ýmist Bæjar- eða Heimaklettur.

[3520-028] heimild – matjurtagarður

Á túnakorti Byggðarholts er merktur inn matjurtagarður þétt sunnan við bæjarhúsin. Steypt fjárhús standa nú á staðnum og engin ummerki sjást um bæjarhúsin né matjurtagarðinn.

Hraunkot

Hraunkot byggist upp úr landi Stafafells og er skráð hjáleiga jarðarinnar í Jarðatali Johnsen þar sem jörðin er einnig kölluð Hraunholt (Jón Johnsen 1847:1). Í sýslu og sóknalýsingum Skaftafellssýslu er jörðin nefnd Hraunsholt og þar metin á 6 hundruð að dýrleika, í Byggðarsögu Austur-Skaftafellssýslu er jörðin þó sögð metin á 12 hundruð að fornu mati (Jón Aðalsteinn Jónsson & Svavar Sigmundsson 1997:32; Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:72). Jörðin er landlítil og hlunnindasnuð en þar var lengi tvíbýlt og olli það nokkrum kotabúskap. Líkt og í Byggðarholti lágu enginn undir uppistöðu Bæjaróssins og var heytaka háð henni (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:71).

[3520-016] garðlag – túngarður

Minjarnar eru staðsettar við túnenda tæpum 200 m suðvestan við Hraunkot. Um er að ræða 200 m langan nokkuð reisulegan túngarð sem liggur norðvestur-suðaustur. Tvö skörð eru í garðinum suðaustarlega þar sem slóðar liggja í gegnum hann. Við norðvesturenda garðlagsins er skurður sem hann hverfur ofan í.

Garðlagið stendur 0,3-1,2 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Þæll virðist liggja meðfram garðlaginu báðum megin við það.



Mynd 19. Garðlag [3520-016], mynd tekin til norðvesturs.

[3520-017] tóft – útihús

Minjarnar eru staðsettar í Austurbrekkunni, um 217 m suðaustur af bænum í Hraunkoti. Tóftin stendur við skarð í lágu klettabelti efst í brekkunni. Tóftin er 6x5,3 m að stærð með leguna austur-vestur og inngangi til austurs. Suðvestur horn hennar liggur upp að klettinum sem hún



Mynd 20. Tóft [3520-017], mynd tekin til vesturs.

stendur undir. Veggir tóftarinnar eru að mestu hlaðnir grjóti og standa 0,3-0,6 m á hæð og 1-1,8 m á breidd. Stutt norðaustan við tóftina stendur garðlag [3520-018] undir klettunum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu en trúlega er um einhvers konar útihús frá bænum að ræða.

[3520-018] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í Austurbrekku, um 220 m suðaustur af bænum í Hraunkoti. Garðlagið stendur undir lágu klettabelti efst í brekkunni. Um er að ræða garðlag sem afmarkar tvö lítil rými undir klettinum, minjarnar liggja norðaustur-suðvestur og þjónar kletturinn sem norðvesturveggur rýmanna. Stærra rýmið er 1,5x4,3 m að stærð og liggur suðvestan megin og er það opið til suðvesturs. Minna rýmið er 2x2,5 m að stærð og liggur norðaustan megin, inngangur er inn í rýmið frá suðaustri. Garðlagið stendur um 0,3-0,5 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt.



Mynd 21. Garðlag [3520-018], mynd tekin til vesturs.

[3520-019] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar undir svokölluðum Króarkletti sem stendur upp úr túninu 90 m suðaustur af bænum í Hraunkoti. Í örnefnaskrá Hraunkots segir um staðinn: „Þá er nokkru vestar klettur er Króarklettur heitir og eru þar grjóthleðslur, sennilega gamlar kvíar“ (Örnefnaskrá



Mynd 22. Garðlag [3520-019], mynd tekin til suðausturs.

Hraunkots, bls. 1). Minjarnar liggja suður undir klettinum á stalli og þjónar kletturinn sem norðurveggur minjanna. Um er að ræða garðlag sem afmarkar kró við klettinn sem er um 4,5x4 m að innanmáli. Garðlagið stendur um 0,3-0,8 m á hæð og 0,7-1,2 m á breidd.

[3520-022] heimild – brunnur

Í örnefnaskrá Hraunkots segir: „*Efst í Brunnbrekkunni er brunnur, neyztuvatn fyrir bæinn og er dælt úr honum í íbúðarhúsið*“ (Örnefnaskrá Hraunkots, Skafti Benediktsson, bls. 2). Engin ummerki sjást um brunninn á staðnum.



Mynd 23. Túnið framan við Hraunkotsbæinn þar sem brunnur [3520-022] lá. Mynd tekin til norðausturs.

Bær

Bær er landnámsjörð, numin af Þórði Skeggi sem nam land vestan Jökulsár í Lóni að Lónsheiði og bjó á bæ í 10 vetur. Hann fluttist þá suður á land og seldi Úlfljóti lögsögumanni jörðina er bjó á jörðinni eftir það. Lengi var margbýlt á Bæ og urðu býlin flest sjö og höfðu þau öll sín heiti: Vesturbær, Miðhús, Austurbær, Neðribær, Frambær, Brekka og Úttún. Jörðin hefur alltaf verið í einkaeign og eigendur mismargir. Talið er að bænhús hafi verið við Bæ en skemmuhús sem nefnt var Bænhúsið stóð lengi á jörðinni en nú sjást þess engin merki (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:25-26). Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin 30 að dýrleika og eru þá þrír ábúendur á jörðinni og fjórir leiguliðar (Jón Johnsen 1847:1).

[3520-020] garðlag – túngarður

Minjarnar liggja í mýrlendi um 100 m norðaustan við bæinn. Um er að ræða torfhlaðinn túngarð um 200 m á lengd, í garðinum eru tvö skörð, annað um 1,8 m breitt í miðri mýrinni og hitt um 6 m breitt þar sem vegurinn heim að bænum hefur verið lagður í gegnum garðinn. Garðurinn stendur um 0,3-0,5 m á hæð og er 1-1,6 m breiður. Við norðvesturenda garðsins liggur hann upp að lágum hól, við hólín kvíslast hann í tvennt á stuttum kafla.



Mynd 24. Túngarður [3520-020], mynd tekin til suðausturs.

[3520-021] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar undir klettahóli sem kallaður er Skeljahellir, stutt sunnan við veginn þar sem hann liggur í gegnum túngarð [3520-020]. Um er að ræða grjóthlaðna tóft, 6,4x4,5 m að stærð með leguna austur-vestur. Veggir tóftarinnar standa 0,2-0,5 m á hæð og 1-1,6 m á breidd. Tóftin er að hluta til grafin inn í lága brekku neðan við klettinn. Inngangur er á miðri norðurhlið tóftarinnar til norðurs.



Mynd 25. Tóft [3520-021], mynd tekin til suðurs.

[3520-024] heimild – bæjarstæði

Suðaustan undir Efriklett stendur nú nokkuð nýlegt timburhús. Á staðnum stóð áður bæjarhús. Á Bæ var lengi fjölbýli og voru býlin flest sjö talsins. Síðustu ábúendur í bæ bjuggu í Miðhúsum sem fór í eyði árið 1966.

Trúlega stendur timburhúsið nú á bæjarstæði Miðhúsa. Á staðnum sjást engin ummerki eldri húsa en slétt malarplan og slétt tún er í kringum húsið sem nú stendur á bæjarstæðinu. Bær er landnámsjörð en ekki liggur fyrir hvar upprunalegt bæjarstæði staðarins liggur.



Mynd 26. Timburhús sem nú stendur við gamalt bæjarstæði Bæjar.

[3520-025] heimild – matjurtagarður

Á túnakorti Bæjar frá 1918 er merkt fyrir þremur matjurtagörðum þétt við bæinn [3520-024] sem stendur suðaustur undir Efriklett. Ekki sjást nein ummerki um minjarnar á vettvangi og stendur nú á bæjarstæðinu timburhús á sléttu malarplani og slétt tún liggur í kring.

Niðurstöður

Í heildina voru 28 fornleifar skráðar við fornleifaskráningu á svæðinu nú. Minjarnar eru að stóru leyti landbúnaðarminjar sem tengjast ábúð í landi jarðanna sem skráningarsvæðið liggur um. Um er að ræða leifar túngarða, útihúsa, matjurtagarða, bæjarstæða o.fl. sem að stóru leyti eru frá 18-20. öld, þó eiga jarðirnar sér lengri sögu og ekki útilokað að eldri minjar leynist undir þeim yngri. Af þeim minjum sem skráðar voru nú eru 19 minjar sem teljast stafa hættu af framkvæmdunum. Einnig eru 8 minjar sem skráðar hafa verið í fyrri fornleifaskráningum sem stafa hættu af framkvæmdunum. Í Viðauka I. er fjallað um minjar í hættu í samhengi við framkvæmdirnar og lagðar til mótvægisáðgerðir svo takmarka megir risk á minjunum.

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson (2020). *Fornleifaskráning í Lóni í Hornafirði í A-Skaftafellssýslu vegna fyrirhugaðs ljósleiðara*. Fornleifafræðistofan.

Einar Eiríksson (1936). Fornar minjar á Hvalnesi í Lóni í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. bls. 47-48. 45. árgangur. 1933-1936. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

Eiríkur Einarsson (1982): Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Hvalnes, Athugasemdir og viðbætur, Örnefnastofnun.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) (2019). *Svínhólar í Lóni III: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík. FS742-19111.

Gjörðabók Fasteignamatsnefndar í Austur-Skaftafellssýslu. Stjórnarráð Íslands 10. mars 1916.

Indriði Skarphéðinsson (2024). *Fornleifaskráning í Lóni, Hornafirði – Vegna fyrirhugaðrar lagningu háspennulínu*. Sagnabrunnur ehf.

Íslenskt Fornbréfasafn (1899-1902). 5. Bindi 1330-1476. Hið Íslenska Bókmenntafélag. S. L. Möller & Félagsprentsmiðja. Kaupmannahöfn & Reykjavík.

Íslenskt Fornbréfasafn (1909-1913). 9. Bindi 1262-1536. Hið Íslenska Bókmenntafélag. Félagsprentsmiðju. Reykjavík.

Jón Aðalsteinn Jónsson & Svavar Sigmundsson (1997). *Skaftafellssýsla, Sýslu- og Sóknaýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Sögufélag. Reykjavík.

Jón Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier. Kaupmannahöfn.

Lilja Laufey Davíðsdóttir (2016). *Fornleifaskráning innan deiliskipulagsreita á Svínhólum og í Össurárdal í Lóni*. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík. FS641-16331.

Lilja Laufey Davíðsdóttir (2018). *Svínhólar í Lóni: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík. FS711-18291.

Skafti Benediktsson (1977): Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Hraunkot, Örnefnastofnun.

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Byggðarholt, Örnefnastofnun.

Stefán Einarsson (1991): Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Bær, Örnefnastofnun.

Stefán Einarsson (1982): Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Hvalnes, Örnefnastofnun.

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Vík, Örnefnastofnun.

Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason (1971). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, I. Bindi. Bókaútgáfa Guðjóns. Reykjavík.

Túnakort – Byggðarholt, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Túnakort – Bær, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Túnakort – Hvalnes, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis


Fyrirhuguð lagning jarðstrengs í lóni frá Hvalnesi að Hraunkoti og Stafafelli kemur til með að hafa áhrif á 27 minjar sem liggja í og við strengleiðina, 19 þeirra voru skráðar fyrir fornleifaskráningu nú og 8 voru skráðar í fyrri fornleifaskráningum. Strengurinn kemur til með að liggja þvert í gegnum sex minjar og innan 15 m friðhelgi 21 minja.

Þær minjar sem strengurinn kemur til með að þvera eru: hleðsla [3520-015], túngarðar [3250-016 & -020], gata [SF-014:038], mógrafir [SF-014:056] og reiðgata [SF-014:057].

Þær minjar sem fyrirhuguð lega strengsins liggur innan 15 m friðhelgi eru: bæjarhóll [3520-001], matjurtagarður [3520-002], hóll [3520-004], túngarður [3520-006], hleðslur [3520-007 & -009], hleðsla [3520-008], tóft [3520-010], hellir [3520-011], hleðsla [3520-013], tóftir [3200-16 & -17], mógrafir [SF-014:058], þústir [SF-014:063 & 014:033], rétt [SF-014:039], brunnur [3520-022], garðlag [3520-014], heimild um bæjarstæði [3520-024], og heimild um matjurtagarð [3520-025 & -028].

Vegna þeirrar hættu sem minjunum stafar af framkvæmdunum voru lagðar til mótvægisáðgerðir og breytingar gerðar á legu strengsins. Að svo komnu ná breytingarnar á legu strengsins aðeins til þess svæðis sem liggur vestan Svínhóla en hér verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir vegna minja í hættu á svæðinu frá Svínhólum að Hvalnesi.


Byggðarholt



Kort 3. Afstaða upprunalegrar og breyttrar legu strengs við minjar við Byggðarholt.

Við Byggðarholt kom upprunaleg lega strengsinn til með að liggja þvert í gegnum minjar [3520-015] og innan friðhelgi minja [3520-014 & -028]. Vegna þessa var lega strengsins færð um 35 m sunnar. Eftir breytingu á legu strengsins liggur hann utan 15 m friðhelgi garðlags [3520-014] og þverar ekki lengur minjar [3520-015] heldur liggur hann tæpa 4 m frá minjunum. Strengurinn liggur enn innan 15 m friðhelgi minja [3520-015 & -028] og er lagt til að merkt verði fyrir minjunum meðan á framkvæmdum stendur og að varlega sé farið í kringum minjarnar.


Hraunkot



Kort 4. Afstaða upprunalegrar og breyttrar legu strengs við minjar við Hraunkot.

Upprunaleg lega strengsins við Hraunkot kom til með að þvera garðlag [3520-016] og lá innan 15 m friðhelgi brunns [3520-022]. Vegna þessa var legu strengsins breytt á þann veg að hún liggur nú norðvestan við enda garðlags [3520-016]. Breytt lega strengsins liggur þó enn innan 15 m friðhelgi garðlagsins [3520-016] og brunns [3520-022]. Er lagt til að merkt verði greinilega fyrir garðlagi [3520-016] á framkvæmdartíma svo forða megi minjunum frá raski. Í tilfalli brunns [3520-022] liggur ekki fyrir nákvæm staðsetning minjanna og eru þær horfnar, er því ekki talin þörf á frekari mótvægisáðgerðum vegna þeirra.


Bær



Kort 5. Afstaða upprunalegrar og breyttrar legu strengs við minjar við Bæ.

Upprunaleg lega strengsins við Bæ kom til með að þvera í gegnum garðlag [3520-020] og lág innan friðhelgi bæjarstæðis [3520-024] og matjurtagarðs [3520-025]. Við garðlag [3520-020] var lega strengsins fræð um 60 m austar þar sem vegurinn heim að Bæ hefur raskað minjunum á um 7 m breiðu svæði. Ekki sáust ummerki um bæjarstæðið [3520-024] eða matjurtagarðinn [3520-025] á vettvangi en talið var öruggast að hníkra legu strengsins nokkuð sunnar, fjær meintum bæjarhól. Breytt lega strengsins liggur enn innan 15 m friðhelgi garðlags [3520-020] og er lagt til að merkt verði greinilega fyrir minjunum á framkvæmdartíma svo forða megi þeim frá raski.

Svínhólar




Kort 6. Afstaða minja við legu strengs í landi Svínhóla.

Þar sem fyrirhuguð lega strengsins liggur um heimatún Svínhóla kemur strengurinn til með að þvera götu [SF-014:038] ásamt því að hann liggur innan við 15 m friðhelgi þústa [SF-014:063] og [SF-014:033], og réttar [SF-014:039]. Minjarnar voru skráðar árið 2019 af Fornleifastofnun Íslands vegna deiluskipulags.

Skráning og lýsing minjanna eru taldar fullnægjandi mótvægisáðgerðir í tilfalli götu [SF-014:038] (merkt 01493802 á korti 6) sem lega strengsins kemur til með að þvera. Þúst [SF-014:033] (merkt 014033 á korti 6) liggur í um 9 m fjarlægð frá fyrirhugaðri legu strengsins, þúst [SF-014:063] (merkt 014063 á korti 6) liggur í rétt rúmlega 11 m frá strengnum og rétt [SF-014:039] (merkt 014039 á korti 6) liggur rúma 12 m frá strengnum. Fyrirhuguð lega liggur því innan við 15 m friðhelgi minjanna.

Grípa þarf til mótvægisáðgerða vegna minjanna þriggja [SF-014:033, 063 & 039] og hnikra þarf fyrirhugaðri legu strengsins líttillega svo hann liggi ekki innan friðhelgi minjanna. Við þúst [SF-014:033] þarf að færa strenginn um 6 m sunnar, við þúst [SF-014:063] þarf að færa strenginn um 4 m norðar, við rétt [SF-014:039] þarf að færa strenginn um 3 m sunnar.


Reynist ómögulegt að færa legu strengsins þyrfti að grípa til annarra mótvægisáðgerða, t.d. að merkja rækilega fyrir minjunum meðan á framkvæmdartíma standur.



Kort 7. Afstaða minja við legu strengsins í landi Svínhóla.

Í svonefndu Þrætulandi austast í landi Svínhóla við landamerki Víkur kemur fyrirhuguð lega strengsins að liggja þvert í gegnum mógrafir [SF-014:056] og reiðgötu [SF-014:057], ásamt því að liggja innan 15 m friðhelgi mógrafa [SF-014:058]. Voru þessar minjar skráðar af Fornleifastofnun Íslands vegna deiluskipulags árið 2019.

Ekki er talin þörf á öðrum mótvægisáðgerðum vegna minjanna í Þrætulandi. Þær eru þess eðlis að skráning og lýsing minjanna eru taldar fullnægjandi mótvægisáðgerðir.




Kort 8. Afstaða minja við legu strengsins í landi Víkur

Innan heimatúns Víkur, stutt vestan við bæinn, eru tvær tóftir [3200-017 & -16] sitt hvoru megin við Stöðlalæk. Minjarnar voru skráðar af Bjarna F. Einarssyni árið 2020 vegna fyrirhugaðrar lagningar ljósleiðara.

Fyrirhuguð lega strengsins kemur til með að liggja innan 15 m friðhelgi minjanna, um 10 m norðan við þær. Vegna þessa er hér lagt til að legu strengsins verði hnikað lítillega, um 5 m ofar í túnið svo lega hans verði utan við 15 m friðhelgi minjanna.

Hvalnes




Kort 9. Afstaða minja við legu strengs í heimatúni Hvalnes.

Fyrirhuguð lega strengsins kemur ekki til með að þvera í gegnum neinar minjar innan heimatúnsins á Hvalnesi en hann liggur innan 15 m friðhelgi fjögurra minja. Þær minjar eru bæjarstæði Hvalness [3520-001], matjurtagarður [3520-002], hóll [3520-004] og grjóthlaðinn túngarður [3520-006]. Hóll [3520-004] liggur í rúmlega 11 m fjarlægð frá fyrirhugaðri legu strengsins en hinar þrjár minjarnar á staðnum liggja allar í minna en 3 m fjarlægð frá honum. Innan heimatúnsins fylgir fyrirhuguð lega strengsins gamla veginum sem liggur heim að bænum á Hvalnesi. Gamla bæjarstæðið á Hvalnesi hefur orðið fyrir töluverðu raski og búið er að slétta grunn hluta bæjarhúsanna sem nú er malarplan. Þar sem strengurinn kemur til með að liggja næst bæjarstæðinu stendur nú steinsteypt hús. Til að fyrirbyggja að minjarnar verði við raski vegna framkvæmdanna er lagt til að lega strengsins verði færð um 50 m sunnar, neðan við bæjarstæðið og matjurtagarðinn.


Túngarður [3520-006] er grjóthlaðinn og fáar vísbendingar eru um að frekari minjar liggi undir sverði. Fáir möguleikar eru í boði með að færa legu strengsins þar sem garðurinn liggur

í kringum mestallt túnið. Lagt er til að strengurinn verði lagður í miðjan vegslóðann þar sem vegurinn liggur í gegnum garðinn og merkt verði greinilega fyrir minjunum á framkvæmdartíma. Hóll [3520-004] liggur 11 m frá fyrirhugaðri legu strengsins og einnig er lagt til að merkt verði rækilega fyrir minjunum á framkvæmdartíma.



Kort 10. Afstaða minja við legu strengs í landi Hvalness.

Fimm skráðar minjar liggja nokkuð þétt við svokallaða Hellra, spölkorn innan við Hvalnesbæinn. Um er að ræða hleðslu [3520-007], þúfu [3520-009], grjótgarð [3520-009], tóft [3520-010], og grjóthleðslu við helli [3520-011]. Fyrirhuguð lega strengsins kemur til með að liggja innan 15 m friðhelgi allra þessara minja og hvergi fjær en rúma 5 m frá þeim. Næst liggur strengurinn tóft [3520-010] og grjótgarði [3520-009], í 1,7 og 2,5 m fjarlægð. Líkt og í heimatúni Hvalness er fyrirhuguð lega strengsins í gamla veginum og eru minjarnar þess eðlis að litlar líkur eru á því að verulegar minjar liggi óséðar undir yfirborði umhverfis þær. Eru hér lagðar til þær mótvægisáðgerðir að merkt sé rækilega fyrir minjunum á framkvæmdatíma svo forða megi þeim frá raski og að strengurinn verði lagður í miðjan veginn.



Kort 11. Afstaða minja við legu strengs í landi Hvalness.

Á skriðutungu ofan við svokallaða Víkurhellraklöpp stendur grjótgardur [3520-013]. Gardurinn er greinanlegur í tveimur misstórum bútum og er fyrirhuguð lega strengsins innan við 15 m friðhelgi minjanna. Næst liggur gardurinn um 11 m frá legu strengsins. Eru hér lagðar til þær mótvægisáðgerðir að merkt sé rækilega fyrir minjunum á framkvæmdartíma svo forða megi þeim frá raski

Samantekt

Aðeins hafa verið gerðar breytingar á fyrirhugaðri legu strengsins á því svæði sem liggur vestan Svínhóla. Var lega strengsins breytt á fjórum stöðum við Byggðarholt, Hraunkot og Bæ, þar sem lega hans kom til með að þvera eða liggja of nærri minjum. Þar sem lega strengsins liggur enn innan 15 m friðhelgi minjanna er lagt til að merkt verði rækilega fyrir þeim á vettvangi meðan á framkvæmdatíma stendur svo forða megi þeim við raski.

Að svo komnu hefur ekki verið ráðist í breytingar á legu strengsins á svæðinu frá Svínólum að Hvalnesi. Hefur hér verið gerð grein fyrir þeim minjum sem liggja innan þess svæðis og afstöðu þeirra gagnvart fyrirhugaðri legu strengsins. Þar sem minjar eru í hættu á þessari leið eru lagðar til mótvægisáðgerðir sem fela í sér annaðhvort breytingu á legu strengsins og/eða að merkt sé rækilega fyrir minjunum á vettvangi á framkvæmdartíma.

Það er þó Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir hefjast og er það stofnunarinnar að setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Tafla yfir skráðar minjar

Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3520-001	bæjarhóll	bæjarstæði	friðað	greinanlegar	1000-2000	714262.712	441779.597
3520-002	garðlag	matjurtagarður	friðað	greinanlegar	1800-1950	714273.480	441759.022
3520-003	hóll	óþekkt	friðað	greinanlegar	1000-1900	714290.386	441749.431
3520-004	hóll	óþekkt	friðað	greinanlegar	1000-1900	714159.420	441894.893
3520-005	tóft	útihús	friðað	heillegar	1920-1950	714133.970	441854.640
3520-006	hleðsla	túngarður	friðað	vel greinanlegar	1800-1950	714126.774	441909.742
3520-007	hleðsla	óþekkt	friðað	greinanlegar	1500-1950	713836.605	441908.660
3520-008	hleðsla	óþekkt	friðað	greinanlegar	1915-1950	713817.873	441910.078
3520-009	hleðsla	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	1800-1950	713814.032	441934.260
3520-010	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	1500-1920	713770.807	441917.388
3520-011	hellir	aðhald	friðað	greinanlegar	1500-1950	713775.555	441902.247
3520-012	tóft	útihús	friðað	heillegar	1500-2000	713406.308	441940.489
3520-013	hleðsla	óþekkt	friðað	greinanlegar	1500-1950	711902.471	442903.849
3520-014	garðlag	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	1800-1950	701716.283	437731.535
3520-015	hleðsla	óþekkt	friðað	greinanlegar	1900-1950	701866.480	437646.311

3520-016	garðlag	túngarður	friðað	heillegar	1800-1950	702423.506	437923.582
3520-017	tóft	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	1500-1900	702596.214	438006.996
3520-018	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	1500-1900	702604.246	438017.686
3520-019	garðlag	kvíar	friðað	greinanlegar	1500-1900	702472.055	438059.507
3520-020	garðlag	túngarður	friðað	vel greinanlegar	1500-1900	703667.131	438712.745
3520-021	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	1500-1900	703728.383	438645.138
3520-022	heimild	brunnur	friðað	sést ekki	1000-1950	702462.953	438131.557
3520-023	heimild	þjóðsagnastaður	annað	ómetið	1627-2000	713950.531	441930.505
3520-024	heimild	bæjarstæði	friðað	sést ekki	870-1950	703615.047	438614.326
3520-025	heimild	matjurtagarður	friðað	sést ekki	1800-1900	703607.323	438586.006
3520-026	örnefni	óþekkt	annað	ómetið	870-2000	702106.552	437627.109
3520-027	heimild	bæjarstæði	friðað	sést ekki	1500-1950	702063.223	437654.189
3520-028	heimild	matjurtagarður	friðað	sést ekki	1800-1900	702056.815	437644.349

Viðauki III. Minjakort

Minjakort



- Skráðar minjar
- Skráningarsvæði

0 2 4 6 8 km

